

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. október 2014  
Tilvísun 111  
MKÁ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög o.fl., 12. mál**

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 7. október sl. þar sem óskað var umsagnar Kauphallar Íslands hf. („**Nasdaq Iceland**“ eða „**Kauphöllin**“) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga, 12. mál.

Í 3. gr. frumvarpsins er sett fram tillaga um breytingu á ákvæði 2. ml. 3. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Tillagan sem unnin var út frá ábendingu Kauphallarinnar kveður á um heimild félags sem hefur fengið hluti sína tekna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga („**MTF**“) til að kaupa eigin hluti. Kauphöllin tekur undir þær athugasemdir sem lagðar eru fram til stuðnings tillögunni í frumvarpinu og styður framgang hennar.

Kauphöllin hefur ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Magnús Kristinn Ásgeirsson,  
forstöðumaður lögfræðisviðs,  
Nasdaq Iceland